

# Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn  
Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökulsson. Blaðmenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (íþróttir), Skafti Jónsson. Utflísteiknunar: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Agústsson, Elin Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarar: Flosi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.

Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingastími: 18300. Kvöldstímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 6.00. Askritfargjald á mánuði: kr. 100.00 — Prentun: Bláaþrent hf.

## Fækkun í Straumsvík

■ Nýlega var skýrt frá því í fjölmiðlum, að unnið væri að ýmsum tæknibreytingum í álverinu í Straumsvík. Markmiðið með þeim er að gera reksturinn hagkvæmari og ódýrari. Talið er, að hægt verði að fækka starfsmönnum um 100, þegar þessar breytingar eru komnar til framkvæmda.

Svipaðir atburðir eru að gerast á sviði stóriðjunnar viðs vegar um heim. Tölvuvæðingin svonefnda á mestan þátt í þessu, en fleiri tæknibreytingar beina þróuninni í þessa átt. Þetta er ein af helztu orsökum atvinnuleysisins í stóru iðnaðarrikjunum.

Svipuð þróun á sér nú stað í stóriðjunni og í landbúnaði og sjávarútvegi undanfarna áratugi og heldur þar raunar áfram enn.

Þetta er engan veginn bundið við stóriðjuna eina, heldur gerist ekkert síður á sviði hinna minni iðnaðarfyrirtækja. Hér á landi er t.d. að finna fleiri dæmi þess, að starfsmönnum hjá tilteknum fyrirtækjum hafi fækkað verulega eða staðið í stað, þótt framleiðslan hafi margfaldast. Vélar hafa leyst mannshöndina af hólmi.

Vafalaust mun þetta gerast í enn ríkari mæli í náinni framtíð.

Það er því ákaflega hæpið að treysta því, að iðnaðurinn eða nánar tiltekið framleiðslu- iðnaðurinn geti að verulegu magni tekið við því vinnuafli, sem bætist hér við á næstu áratugum. Nýr framleiðslu- iðnaður mun að visu bætast við, en vafasamt er að hann geri betur en að bæta í skörðin vegna starfsmannafækkunar, sem verður hjá hinum eldri fyrirtækjum af völdum tæknivæðingarinnar.

Þetta leiðir hugann að því að mun betur þarf að sinna öðrum atvinnugreinum en þeim þremur, sem nú er lögð á mest áherzla, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi og framleiðslu- iðnaði, þótt áfram verði að treysta rekstrarskilyrði þeirra eftir megni. Vafasamt er þó, að þeir skapi miklu fleiri atvinnutækifæri.

Sennilega biða möguleikarnir fyrir ný atvinnutækifæri mest á sviði hins svonefnda þjónustu- iðnaðar, eins og samgangna, ferðamannaþjónustu, listsköpunar, veitingastarfsemi o.s.frv. Vaxandi þörf verður fyrir allt þetta, m.a. vegna þess, að vinnutíminn mun stytta og tryggja verður fólki aðstöðu til að notfæra sér tólmstundirnar á sem fjölbreyttastan hátt.

Samgöngurnar geta sennilega átt mun ríkari þátt í því að fjölga atvinnufyrirtækjum Ísland- inga en þegar er orðið. Það er t.d. ánægjulegt til þess að vita, að íslensk skipafélög annast siglingar í vaxandi mæli á erlendum vettvangi, jafn- hliða því sem þau fullnægja enn betur þörfum Ís- lendinga sjálfrá. Það er líka mikilvægt, að ís- lenzk flugfélög annast fólksflutninga milli heims- álfa og vöruflytninga erlendis.

Um þessi málefni þarf að hugsa meira og undirbúa aðgerðir á viðari grundvelli en nú er gert. Annars getur mistekizt að finna hinni upp- vaxandi kynslóð næg verkefni.

B.P.

## menningarmál

# Múrrista á Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðir  
Gunnsteinn Gíslason  
Múrrista, veggmyndir.  
20 myndir.  
6. febr.-22. febr. 1982  
Vesturgangur.

### Múrsmíði

■ Maður verður þess óneitanlega var, að myndlist okkar er að verða fjölbreyttari. Ungir fram- sækni myndlistarmenn velja gjarna sérgreinar í listum, í stað þess að frelsa heiminn í venjulegu málverki í ollu, eða vatnslitum, eða með hefðbundinni gerð högg- mynda.

Um þetta má nefna allmörg dæmi. Við eigum orðið nokkra flinka grafíklistamenn, vefara og leirkerasmíði. Enn aðrir vinna í gler. Um múrsmíði hefur þó ekki verið mikið, þótt einstaka mynd- listarmaður hafi reynt fyrir sér með mosaik, og gjört myndir.

Og nú höfum við fengið enn eina sérgreinina, en það er múrrista.

Múrrista er ævaforn aðferð til að búa til listaverk, og er til í ýmsum hlíðstæðum. Sgraffitto (Sgraffito) er gömul aðferð til að skreyta húsveggi, og var þekkt á Ítalíu á 15. öld og var snemma í brúki í Sviss, á vissum stöðum, og hefur verið um aldir. Þessi aðferð er ýmist notuð ásamt málverki, eða ein sér, og á vorum dögum einnig í smærri myndverk, færanleg, þá er aðferðin einnig notuð í gerð leirmuna. Gunn- steinn Gíslason lýsir aðferðinni með svofelldum orðum í sýn- ingarskrá (sjá einnig mynd):

„Nafnið sgraffito er komið af ítalska orðinu sgraffiare sem þýðir rista. Fyrr á tímum var þessi veggmyndataekni notuð samhliða al fresco myndum sem hluti af byggingalistinni. Munur- inn á fresco og sgraffito myndum felst í því að í stað þess að mála múrinn er skafið í blautu steyp- una til að fá myndina fram.

Uppistaðan í múrristu er fin- nulinn hvítur marmari, kalk og steinlitir. Veggurinn sem skreyta á er lagður vírneti og rappaður. Að því loknu eru lituð múrlög dregin hvert yfir annað eftir því hve margir litir eiga að vera í myndinni. Síðasta lagið er yfir- leitt hvítt.

Að þessu loknu er vinnutekning fest á múrinn og framkölluð í blautu steypuna. Myndin er síðan skorin til með beittum hniif og litir og form skafin fram. Þegar allur raki er horfinn úr steypunni má verja hana með blöndu af hreinu bývaxi og parafinvasi sem brætt er inn í múrinn.


Og nú hefur Gunnsteinn borið þessa list með sér hingað, þótt eigi sé hún með öllu óþekkt hér, eða vissar greinar hennar.

### Gunnsteinn Gíslason

Gunnsteinn Gíslason hefur að baki langt nám í myndlist og mikla reynslu. Hann er fæddur árið 1946 og stundaði nám við Myndlista- og Handiðaskóla Ís- lands 1963-1967 í kenningar- og frjálsri myndlist. Innritaðist í Edinburgh College of Art 1967 og lagði stund á veggmyndagerð og glerhönnun. Kennarar hans voru John W.C. Lawrie og Helen N. Turner. 1968 var Gunnsteinn boð- (einum nemanda skólans) að taka þátt í samsýningu skoskra höggmyndalistamanna í Banda- rikjumum. Vorið 1969 lauk hann D.A. (Edin.) prófi og hélt sýningu við skólann og var prófverkefnið kirkjuskreyting, unnin í sgraffito.

Setti upp vinnustofu í Reykja- vík 1969 og hóf einnig kennslu við Vogaskóla það haust. Veturinn 1971 kenndi Gunnsteinn námsönn í veggskreytingu við Myndlista- og handiðaskólann.

Haustið 1972 hóf Gunnsteinn nám í kennslugreinum mynd- mennta við Konstfackskolan T1 í Stokkhólmi og lauk þaðan prófi 1975. Þá um haustið var hann ráð- inn kennari og deildarstjóri við



I. Virbinding. II. Gróft rapp. III. Lituð múrlög (síðasta ljóst).



■ Gunnsteinn Gíslason á sýningu sinni (Tímamynd GE)

myndlistadeild Fjölbrotaskólans í Breiðholti og stundakennari í kennslufræðum við Myndlista- og handiðaskólann.

Hann byrjaði að sýna myndir árið 1967 á samsýningum, en sýn- ingin á Kjarvalsstöðum mun vera fyrsta einkasýning hans.

### Múrverkið

Það er gaman að skoða múr- verk Gunnsteins Gíslasonar, og það má hverjum manni vera ljóst, að þarna er á ferðinni agað- ur og vandvirkur myndlistar- maður. Líklegt má telja að hann eigi eftir að vinna verk í þessu landi, vegna þess að áhugi fyrir veggskreytingum — úti og inni — er meiri núna hér á landi, en oft áður.

Á sýningunni eru 20 myndir. Flestar smáar, ef miðað er við þá stærð, sem slíkar myndir ná á réttum stöðum, t.d. sem vegglist á salarkynnum, eða á húsum.

Ekki getur Gunnsteinn þó talist tímamótamaður í öðrum skil- ingi, en þeim að hann kemur með nýtt efni. Úrvinnsla forma og myndbygging er vönduð, en að öðru leyti þekkt og sú hin sama og iðkuð hefur verið lengi. A hinn bóginn eru myndirnar allar í há- um gæðaflokki, hvað útfærsluna snertir. Mikinn skáldskap greinir maður ekki, en hinn ljúfi tónn, sem listamaðurinn hefur tileink- að sér, fellur í geð. Sérlega skemmtilegt verk þótti mér (kringlótt) mynd, sem Reykja- víkurborg hefur nú eignast. Þar opnast veggurinn, ef svo má segja.

Það er ekki alltaf jafn auðvelt að ráða efni abstraktmynda af nöfnum þeirra, fremur en að fylgja söguþræði spilaðra tón- verka. Aftur á móti fer maður stundum nærri um hugarheim myndlistarmanna við að lesa myndanöfnin. Myndheiti Gunn- steins eru t.d. Vor, Stormur, Upp- haf dags, Vorfugl I, Þrilliða, Dag- draumur, Leysingar, Austanregn og Huldukona.

Það er til vill miskunnarlaust að segja í blöðum, að sérstök þörf sé fyrir ákveðna listamenn í land- inu, umfram einhverja aðra. En þótt ég vildi nú ekki alveg fallast á að hafa öll hús með múrristum, þá fæ ég ekki annað séð en þarna sé kominn fram heppilegur ma- ður fyrir byggingalist okkar. Til að auðga hana og fegra.

Mulningur Gunnsteins Gísla- sonar mun vera marmari. Gam- an væri að vita, hvort íslensk steinefni eru nothæf í svona myndir?

Íslenskt grjót er fagurt, en vont grjót, svona byggingafræðilega, því veðrun er mikil hér á landi.

Það er ástæða til að hvetja sem flesta til þess að koma að Kjar- valsstöðum og sjá þessar myndir.

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.

